

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981 um niðurfellingu og/
eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til
samkeppnisiðnaðar með síðari breytingum.

1. gr.

Við upptalningu 1. gr. auglýsingarinnar bætist eftirtalin tollskrárnúmer:

- úr 85.15.60 Sjónvarpsmyndavélar fyrir kvikmynda- og myndbandavinnustofur, enda hafi vélnar 400 línu myndupplausn eða meira (horizontal resolution, lines at center) og séu með BNC tengingum.
- úr 85.15.82 Myndskjáiir (monitors) án móttakara (tuner) með 400 línu myndupplausn eða meira, og með BNC tengingar og/eða RGB inntaki.
- 90.08.21
- 90.08.29
- úr 92.11.31 Mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutningstæki og hlutar til þeirra fyrir kvikmynda- og myndbandavinnustofur, enda séu þau án móttakara (tuner) fyrir hljóð eða mynd og hafi XLR og/eða BNC tengingar.
- 92.11.39

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl., 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum, 3. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald og lið 4.1 6. gr. laga nr. 85 31. desember 1983 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 30. ágúst 1984.

Albert Guðmundsson.

Ingólfur Friðjónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga
á lyfjakostnaði nr. 246/1982

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination), samkvæmt Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 120 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination), samkvæmt Lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 240 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf t gjald, þ. e. kr. 60 og kr. 120 fyrir hverja afgreiðslu.